

Miðvikudaginn 18. júlí 1984.

Nr. 135/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. þ.m., er barst Hæstarétti 16. þ.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist samkvæmt honum verði stytta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um, að hann hafi framið brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt því og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1984.

Ár 1984, föstudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Kristjáni Aðalsteinsyni, til heimilis að Njálsgötu 22, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1957, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á stórfelldum óheimilum fjártökum úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur. Bankabókum í vörslu

skiptaréttar hefur verið stolið og úr þeim tekið samtals krónur 1.200.000. Á bankabókum þessum voru varðveittir fjármunir þrota- og dánarbúa, sem eru til skiptameðferðar. Talið er, að fyrrnefndar bækur hafi horfið frá því í febrúar og þar til í júlí á þessu ári. Við skoðun á úttektarseðlum varðandi ofangreindar bækur hefur vaknað sá grunur, að Ingólfur Sigurz yngri, sem starfað hefur sem aðstoðarmaður við fógetagerðir, sé við brot þetta riðinn, og byggist sá grunur á samanburði á rithönd hans og rithönd á nokkrum úttektarseðlanna, þó er ljóst, að fleiri en einn maður tengist brotum þessum.

Þann 2. júlí sl. var gerð tilraun til að taka krónur 125.000 út úr bankabók í Landsbanka Íslands, Laugavegi 7. Skiptaréttur hafði tilkynnt bankanum, að bók þessi væri stolin. Manni þeim, er framvísaði bókinni, tókst að forða sér, en bankamaður veitti honum eftirför og hitti fyrir utan bankann Ingólf Sigurz, yngri, sem bauð honum aðstoð við leit að manninum, sem varð án árangurs. Kærði og Ingólfur Sigurz yngri eru félagar og hafa báðir tengst fíkniefnamisferli. Talið er, að lýsing starfsfólks Landsbanka Íslands, Laugavegi 7, og vitnis, er statt var í bankanum umrætt sinn, á manni þeim, er gerði tilraun til að taka fé út úr nefndri bankabók, geti átt við Kristján Aðalsteinsson. Þrír starfsmenn bankans og vitni, er statt var í bankanum 2. júlí sl., er ofangreindir atburðir áttu sér stað, hafa skoðað myndir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og tekið út mynd af Kristjáni Aðalsteinssyni og telja, að hún svipi mjög til manns þess, er var að verki í bankanum greint sinn.

Kærði hefur neitað bæði við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að vera nokkuð við brot þessi riðinn.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðar fangelsisrefsingu samkvæmt 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940. Með hliðsjón af framansögðu og vísan til hins alvarlega sakarefnis verður að telja, að rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi og sú hætta fyrir hendi, að kærði spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði Kristján Aðalsteinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17:00.